

**REGLUGERÐ****um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.**

## 1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum, eða lækni, er í hans stað kann að koma, skv. samningum hlutaðeigandi samlags nýkr. 8 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og nýkr. 16 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og viljanir.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 1. janúar 1981. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 589/1980 með sama heiti.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. desember 1980.*

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

**REGLUGERÐ****um breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.**

## 1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér greinir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum greiðir samlagsmaður fyrstu 12 nýkr., en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.

2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 33 nýkr. en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálf gjald, þ. e. nýkr. 6 og nýkr. 16.50 fyrir hverja afgreiðslu.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk, er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975 og öðlast gildi 1. janúar 1981. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 571/1980 um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. desember 1980.*

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.